

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2015.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Hrafn Búason og Kristján Andra Stefánsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2015 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 6. og 20. janúar 2015. Samningurinn kveður á um heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2015.

Samningurinn er óbreyttur frá fyrri árum að öðru leyti en því að ekki var kveðið á um heimildir færeyskra skipa til loðnuveiða í íslenskrri lögsögu í samningnum frá árinu 2014 og hefur því ákvæði 1. gr. þessa samnings að geyma heimildir fyrir loðnuveiðar Færeyinga í íslenskrri lögsögu fyrir vertíðina 2014/2015, sem og vertíðina 2015/2016. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að heildarmagnið væri það sama og ef hefðbundnar heimildir hefðu verið veittar í fyrra, en þá var ákveðið að geyma slíka ákvörðun vegna óvissu af vaxandi umhverfisbreytingum sem hafa ekki leitt til breytinga á skiptingu hlutdeildar.

Fram kemur í athugasemdum við tillöguna að samningurinn gerir ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskrri síld innan lögsögu hins á árinu 2015. Þá eru íslenskum skipum heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskrri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2015.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2015. Heildarafli þorsks verður þó ekki meiri en 1.375 lestir, heildarafli keilu ekki meiri en 750 lestir og engar veiðar eru heimilaðar á lúðu eða grálúðu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 5. maí 2015.

Birgir Ármannsson,  
form.

Silja Dögg Gunnarsdóttir,  
frsm.

Ásmundur Einar Daðason.

Vilhjálmur Bjarnason.

Elín Hirst.

Frosti Sigurjónsson.

Katrín Jakobsdóttir.

Óttarr Proppé.

Össur Skarphéðinsson.